

MINNISBLAÐ

10.6.2024
2019-10-128/5.6

Efni: **Viðbragðsáætlun við olíuleka frá spennum**

Almennt

Viðbragðsáætlun þessari er ætlað að segja til um fyrstu viðbrögð við því ef spennaoilía lekur út í jarðveg eða fráveitukerfi við spennistöðvar Landsnets. Markmið áætlunarinnar eru að tryggja rétt viðbrögð svo lágmarka megi umhverfisáhrif slíks tilviks.

Umfangsmikill olíuleki

Verði umfangsmikill olíuleki, þ.e. leki sem er umfangsmeiri en svo að starfsfólk ræður við að fjarlægja, skal gera slökkviliði viðvart um neyðarsíma 112.

Umfangsminni olíuleki í jarðvegi

Ísogsbúnaður („spill-kit“) eru til reiðu á starfsstöðvum á Gylfaflöt (á smávörulager), Akureyri (uppi á lofti verkstæðis) og Miðási. Smærri viðbragðsbúnaður er til reiðu í bifreiðum. Nota má „pýlsur“ til að hindra útbreiðslu olíu og ísogsmottur og/eða ísogsefni til að ná upp olíu eins og hægt er. Farga skal með viðurkenndum hætti olíumenguðum jarðvegi og úrgangi (leiðbeiningar Umhverfisstofnunar nr. 8/1998 og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs). Vista þarf móttökuvittanir flutningsaðila eða förgunaraðila þar sem fram kemur nafn flutningsaðila/móttökustöðvar, magn (kg, l) flokkun og gerð úrgangs. Samskonar upplýsingar skulu fylgja spilliefnum.

Olíuleki í olíugryfju eða olíuskilju

Leki olía í spennagryfju eða olíuskilju eru viðbrögðin þau að láta tæma gryfjuna/skiljuna og farga olíu skv. leiðbeiningum hér að ofan.

Vatn í olíugryfjum

Sé vatn í olíugryfjum skal nota olíupróf með strimli, til að athuga hvort vatnið sé olíumengað, áður en það er losað í fráveitu. Ef vatn í olíugryfju/skilju inniheldur 15 ppm af olíu eða meira skal vatnið flutt og fargað í samræmi við ákvæði laga og reglugerða af viðurkenndum aðilum sem hafa gilt starfsleyfi.

Flutningur spennaoilíu

Flutningsaðili 1000 lítra af spennaoilíu, eða meira, og flutningsaðilar sem flytja spennaoilíu eða búnað sem inniheldur PCB eða umhverfisskaðleg staðgengilsefni þeirra, skulu hafa réttindi til að flytja hættulegan farm (ADR).

Tilkynningarskylda

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti ef spennaoilía hefur borist út í umhverfi eins fljótt og kostur er frá því að leki uppgötvast. Í tilkynningunni skal koma fram áætlað magn, ástandslýsing og viðbrögð.